

inir stefndu látnir svara í því áður en stefnan var lögð fram og málið lagt í dóm af hendi stefnanda. Enn fremur sjest ekki, að stefnanda eða hinum stefndu hafi verið leiðbeint í málinu til þess að gjöra formlegar kröfur o. fl. sbr. tilskip. 15. ágústmán. 1832 § 10. Samt virðist ekki alveg nægileg ástæða til þess að láta þessa meðferð hjeradsdómarans á málinu varða ábyrgð. Þar á móti kemst hinn stefndi Andres Fjeldsteð ekki hjá því að greiða áfrýjendunum málskostnað í hjeraði og fyrir yfirdómi með upphæð, er eptir málavöxtum virðist hæfilega ákveðin 25 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði hjeradsdómur og öll meðferð málsins í hjeraði skal ómerk vera og vísast málinu frá hjeradsdóminum. Hinum stefnda Andres Fjeldsteð ber að borga áfrýjendunum Símoni Jónssyni og Helga Sveinbjarnarsyni málskostnað í hjeraði og fyrir yfirdómi með 25 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti hann ella aðför að lögum.

Mánudaginn 14. októbermán.

Nr. 19/1878:

Hið opinbera
gegn

Nikulási Jafetssyni.

Dómur:

Með dómi kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur kaupstaðar 22. dag ágústmán. þ. á. er gestgjafi Nikulás Jafetsson dæmdur fyrir að hafa haft gesti í veitingastofu sinni aðfanganæturnar hins 18. og 26. júlí næsta á undan eptir miðnætti gegn banni lögreglustjórans í 10 kr sekt til lögreglusjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi

kostnað. Dómi þessum hefur hinn kærði áfrýjað til yfirdómsins.

Að vísu hefur hinn kærði kannast við, að fólk hafi verið á ferli í veitingastofu sinni eftir kl. 12 umgetnar nætur; en hann hefur á hinn bóginn skýrt svo frá, að hann hafi um þann tíma notað veitingastofu sína eftir kl. 12 á nóttunni sem gistingastofu, og að þá hafi einungis sá, er stofuna leigði, og kunningjar hans eða gestir verið í henni, og er ekkert fram komið, er veiki þenna framburð hans, enda hefur undirdómarinn ekki einusinni reynt til að útvega neinar upplýsingar aðrar í málinu en eigin framburð kærða.

Nú með því þannig engar sannanir eru komnar fram fyrir, að kærði hafi haft gesti eða veitingar í veitingastofu sinni um getnar nætur eftir þann tíma, sem honum var það heimilt, eða að hann hafi brotið gegn banni lögreglustjórans, sem heldur ekki er lagt fram í málinu, virðist eiga að sýkna hann af ákærum hins opinbera í máli þessu og að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað úr opinberum sjóði, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors um sig.

Meðferð málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði gestgjafi Nikulás Jafetsson á að vera sýkn af ákærum hins opinbera í máli þessu. Allur kostnaður af málinu, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna G. Pálssonar og P. Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra, greidist úr opinberum sjóði.